

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal x — x. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um bókmenntastefnu 2024–2030.

Frá menningar- og viðskiptaráðherra.

Alþingi ályktar að fela menningar- og viðskiptaráðherra að vinna að framkvæmd eftirfarandi bókmenntastefnu og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2030.

FRAMTÍÐARSÝN.

Að íslensk ritmenning sé kröftug og metnaðarfull og skapandi og hér þrífist fjölbreytt útgáfustarfsemi sem treysti stöðu íslenskrar tungu og lýðræðis. Starfsumhverfi rit- og myndhöfunda á Íslandi sé hvetjandi og stuðlað sé að framgangi íslenskra bókmennta á innlendum og erlendum vettvangi. Fólk á öllum aldri hafi greiðan aðgang að margvíslegu lesefni og lestur sé sjálfsagður hluti af daglegu lífi þar sem aukið læsi stuðli að bættum skilningi á samfélagslegum málefnum og gagnrýninni hugsun.

MEGINMARKMIÐ.

Bókmenntastefna 2024–2030 hverfist um þrjú meginmarkmið og skulu aðgerðirnar sem fylgja stefnunni stuðla að framgangi þeirra. Meginmarkmiðin verði þessi:

1. Að stuðlað sé að sköpun á íslensku, útgáfu á íslensku og aðgengi að fjölbreyttu efni á íslensku og treysta með því stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu.
2. Að stuðlað verði að auknum og bættum lestri sem víðast í samfélaginu, með sérstakri áherslu á unga lesendur.
3. Að tryggt sé að stuðningur við sköpun og útgáfustarfsemi sé skilvirkur og taki mið af örri tækniþróun og samfélagsbreytingum.

AÐGERÐAÁÆTLUN.

Umgjörð og stuðningur.

1. Mikilvægi lesturs og sköpunar.

Stutt verði árlega við fjölbreytt verkefni sem hvetja til lesturs og sköpunar, til að mynda meðal barna og ungmenna og fólks sem ekki hefur íslensku sem fyrsta mál. Mótun slíkra verkefna taki mið af öðrum áhersluverkefnum stjórnvalda hverju sinni og fyrirbyggjandi gögnum.

Ábyrgð: Miðstöð íslenskra bókmennta.

Dæmi um samstarfsaðila: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, mennta- og barnamála- ráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti, viðurkenndir fræðsluaðilar og atvinnulífið.

Tímaáætlun: 2024–2030.

Kostnaður: x m.kr.

2. *Endurskoðun regluverks.*

Ráðist verði í heildarendurskoðun á regluverki og umgjörð sem snertir bókmenntir og stöðu íslenskrar tungu, bæði lögum og reglugerðum sem á þeim byggjast. Endurskoðun verði gerð á lögum um bókmenntir, nr. 91/2007, og samhliða á lögum um stuðning við útgáfu bóka á íslensku, nr. 130/2018, og skoðaðir kostir þess að steypa þeim saman í ein, ný lög. Bókasafnalög komi til endurskoðunar svo og reglur um greiðslur fyrir afnot efnis á bókasöfnum. Þá taki endurskoðunin mið af breyttu rekstrarumhverfi í útgáfu vegna starfsemi streymisveitna og örrar tækniþróunar á sviðum miðlunar og gervigreindar.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Tímaáætlun: 2024–2025.

Kostnaður: Innan ramma.

3. *Bætt tölfræði um bókaútgáfu á Íslandi.*

Lykiltölfræði varðandi lestur og útgáfu verði skilgreind og Miðstöð íslenskra bókmennta falið að annast söfnun og reglubundna miðlun þeirra. Miðstöð íslenskra bókmennta verði falið að leiða vinnu við skilgreiningu lykiltölfræði, í samvinnu við hagaðila, með það að markmiði að auka gagnsæi og sameiginlega þekkingu, m.a. um þróun útgáfu og lestrarvenjur mismunandi hópa.

Ábyrgð: Miðstöð íslenskra bókmennta.

Dæmi um samstarfsaðila: Félag íslenskra bókaútgefenda, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Hagstofa Íslands.

Tímaáætlun: 2024–2025.

Kostnaður: Innan ramma.

4. *Mat á kostum fastverðsfyrirkomulags fyrir bóksölu.*

Fram fari mat á fýsileika þess að koma á fastverðsfyrirkomulagi fyrir bóksölu hér á landi, þ.e. að ákveðnar tegundir bóka skuli alls staðar kosta það sama innan ákveðinna tímamarka. Einnig hvort setja eigi skorður við sölu og/eða miðlun bóka í gegnum áskriftarleiðir streymisveita, nema að ákveðnum tíma liðnum frá útgáfu þeirra eins og dæmi eru um í nágrennaríkjum.

Ábyrgð: Miðstöð íslenskra bókmennta.

Dæmi um samstarfsaðila: Samkeppniseftirlitið, Félag íslenskra bókaútgefenda.

Tímaáætlun: 2025–2026.

Kostnaður: Innan ramma.

5. *Sókn á erlenda markaði.*

Þróuð verði umgjörð til að styrkja stöðu íslenskra bókmennta á erlendum markað í samráði við útgefendur, rithöfundar og þýðendur.

Ábyrgð: Miðstöð íslenskra bókmennta.

Dæmi um samstarfsaðila: Íslandsstofa, Rithöfundasamband Íslands, Félag íslenskra bókaútgefenda, Bandalag þýðenda og túlka.

Tímaáætlun: 2025–2029.

Kostnaður: x m.kr.

6. *Efning Miðstöðvar íslenskra bókmennta.*

Starfsemi Miðstöðvar íslenskra bókmennta verði eflað og skoðað verði að fela henni víðtækara hlutverk, meðal annars í verkefnum sem tengjast þróun og framtíð íslenskrar tungu.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Tímaáætlun: 2024–2030.

Kostnaður: x m.kr.

Börn og ungmenni.

7. Gæðastarf á skólasöfnum.

Mótuð verði opinber stefna um skólasöfn á öllum skólastigum og samstarf þeirra við almenningsbókasöfn skilgreint. Kannaðir verði kostir þess að starfrækja sérstaka skólasafnamiðstöð sem hafi það hlutverk að veita skólasöfnum um allt land þjónustu um það sem lýtur að starfi skólasafna, verði miðstöð starfsþróunar og veiti faglegan stuðning við skólasöfn.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Menningar- og viðskiptaráðuneyti, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, bókasafnaráð, Félag fagfólks á skólasöfnum, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímaáætlun: 2024–2030.

Kostnaður: Innan ramma.

8. Launasjóður höfunda barna- og ungmennabóka.

Starfsumhverfi höfunda barna- og ungmennabóka verði styrkt sérstaklega, meðal annars með því að veita auknu fjármagni í starfslauð sem eyrnamerkt verða þessum hópi höfunda.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Tímaáætlun: 2025–2030.

Kostnaður: x m.kr.

9. Sagnaarfssjóður.

Viðbótarfjármagni verði tímabundið veitt til Barnamenningarsjóðs til að styrkja verkefni sem byggja á og stuðla að aukinni miðlun á íslenskum sagnaarfi til barna og ungmenna.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti, Barnamenningarsjóður.

Tímaáætlun: 2025–2027.

Kostnaður: x m.kr. á ári.

10. Þýðingar á bókum fyrir börn og ungmenni.

Möguleikar þess að styrkja sérstaklega þýðingar á íslensku á erlendum bókum sem höfða til barna og ungmenna verði kannaðir.

Ábyrgð: Miðstöð íslenskra bókmennta.

Tímaáætlun: 2025–2026.

Kostnaður: x m.kr.

11. Sýnileiki rit- og myndhöfunda.

Stuðlað verði að aukinni kynningu og sýnileika á hlutverki og störfum rit- og myndhöfunda, m.a. í starfi grunnskóla og framhaldsskóla, vegna mikilvægis þeirra fyrir íslenska tungu og sköpunarkraft komandi kynslóða.

Ábyrgð: Miðstöð íslenskra bókmennta.

Dæmi um samstarfsaðila: Menningar- og viðskiptaráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, Rithöfundasamband Íslands, Hagþenkir.

Tímaáætlun: 2024–2030.

Kostnaður: x m.kr.

Menningararfur, rannsóknir og miðlun.

12. Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna.

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna verði eflður og þróist með það að markmiði að skjóta styrkari stöðum undir fræðistörf og útgáfu fræðiefnis á íslensku fyrir fjölbreytta hópa lesenda.

Ábyrgð: Háskóla-, vísinda- og nýsköpunarráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Hagþenkir.

Tímaáætlun: 2025–2030.

Kostnaður: x m.kr.

13. Stuðningur við óhagnaðardrífna útgáfustarfsemi.

Mótaðar verði leiðir til að efla starf óhagnaðardrífinnar útgáfustarfsemi félaga sem sinna íslenskum menningararfi og fjölbreyttu fræðastarfi.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Tímaáætlun: 2024–2030.

Kostnaður: x m.kr.

14. Miðlun menningararfs.

Stuðlað verði að fjölbreyttu samstarfi stofnana og félaga sem vinna með íslenskar bókmenntir og menningararf með það að markmiði að bæta miðlun og auka nýsköpun fyrir íslenskan almenning og erlenda gesti.

Ábyrgð: Miðstöð íslenskra bókmennta.

Dæmi um samstarfsaðila: Árnastofnun, Gunnarsstofnun, Gljúfrasteinn, Þórbergssetur, Snorrastofa, Menningarfélagið Hraun í Öxnadal.

Tímaáætlun: 2025–2030.

Kostnaður: x m.kr.

Nýsköpun og sjálfbærni.

15. Bætt aðgengi að textasöfnum og máltækniáfurðum.

Stuðlað verði að því að útgefendur og höfundar geti miðlað á aðgengilegan hátt hluta verka sinna sem heimilt verði að nota til nýsköpunar og hugbúnaðarþróunar, til að mynda vegna lestrarkennslu eða tungumálanáms.

Ábyrgð: Miðstöð íslenskra bókmennta.

Dæmi um samstarfsaðila: Árnastofnun, Rithöfundasamband Íslands, Hagþenkir, höfundarréttarsamtök, SÍM – samstarf um íslenska máltækni.

Tímaáætlun: 2024–2030.

Kostnaður: Innan ramma.

16. Framtíð orðabókargerðar.

Mótað verði framtíðarfyrirkomulag þróunar, miðlunar og aðgengis að íslenskum gagnasöfnum á textaformi, svo sem orðabókum, í samráði við sérfræðinga og hagaðila.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Árnastofnun, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, háskólar, höfundarréttarsamtök, Bandalag þýðenda og túlka, SÍM – samstarf um íslenska máltækni.

Tímaáætlun: 2024–2030.

Kostnaður: Innan ramma.

17. Nýsköpun í útgáfustarfsemi.

Leitað verði leiða til þess að styrkjaumhverfi hins opinbera stuðli að frekari nýsköpun og þróun í útgáfu og miðlun.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Tímaáætlun: 2025–2030.

Kostnaður: x m.kr.

18. Fræðsla og ráðgjöf um höfundarétt.

Miðstöð íslenskra bókmennta verði falið aukið hlutverk við fræðslu til almennings og ráðgjöf til höfunda varðandi höfundaréttarmál, með hliðsjón af nýjum áskorunum vegna þróunar gervigreindar og breyttra miðlunarleiða.

Ábyrgð: Miðstöð íslenskra bókmennta.

Dæmi um samstarfsaðila: Rithöfundasamband Íslands, Hagþenkir, höfundarréttarsamtök, fjölmiðlanefnd.

Tímaáætlun: 2024–2030.

Kostnaður: Innan ramma.

19. Sjálfbærni.

Sjálfbærnihugsun í bókaútgáfu verði eflað og hugað að því hvernig minnka megi kolefnisspor í framleiðslu og neyslu bóka.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti, Félag íslenskra bókaútgefenda.

Tímaáætlun: 2024–2030.

Kostnaður: Innan ramma.

Greinargerð.

Með þessu skjali leggur menningar- og viðskiptaráðherra fram bókmenntastefnu til ársins 2030 til meðferðar á Alþingi.

Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá því í nóvember 2021 er fjallað um áhersluatriði ríkisstjórnarinnar. Þar segir:

„Menning og listir eru bæði uppspretta og birtingarmynd fölbreytts og sterks samfélags. Við ætlum áfram að tryggja undirstöður íslensks menningar- og listalífs og skapa ný tækifæri fyrir íslenska listamenn. ... Íslensk tunga er dýrmæt auðlind og á stóran þátt í að skapa sterkt samfélag. Íslenskan er tenging okkar við sögu okkar og menningu og mikilvægt að huga enn betur að íslenskukennslu. Við ætlum að styðja við tunguna með því að leggja áherslu á að íslenskan sé skapandi og frjór hluti af umhverfi okkar.“

Einnig er tekið fram að sérstök áhersla verði lögð á að börn og ungmenni nýti tungumálið í leik og námi og með því að hlúa að barnamenningu. Þá er þar tekið fram að áfram verði unnið að því að styrkja faglega starfslauna- og verkefnasjóði listamanna með sérstakri áherslu á að starfslaun tryggji betur afkomu þeirra sem starfa í listum eða við skapandi greinar. Þessi áhersluatriði í stjórnarsáttmálanum hafa sterka tengingu við þá bókmenntastefnu sem hér er sett fram.

Nauðsynlegt er að taka af allan vafa um það strax í upphafi hvað átt er við með bókmenntum í stefnunni þar sem merking hugtaksins getur verið bæði þröng, t.d. þegar hugtakið er aðeins notað um svokallaðar fagurbókmenntir, eða víð og látin ná yfir mun stærri flóru bókmennta. Í bókmenntastefnunni er hugtakið notað í viðri merking og látið ná jafnt yfir fagurbókmenntir sem afþreyingarbókmenntir, ástarsögur sem bækur um vísindi, ljóð jafnt sem laust mál og bókmenntir ætlaðar fullorðnum jafnt sem þeim sem skrifaðar eru fyrir börn og ungmenni. Bókmenntir merkja hér alla flóru bókmenntanna án tillits til þess hvað þær fjalla um eða hverjum þær eru ætlaðar. Hugtakið er einnig óháð því hvernig bókmenntum er miðlað

og á því jafnt við um bókmenntir sem birtar eru sem prentaðar bækur, hljóðbækur eða rafbækur. Þann varnagla þarf þó að slá að í bókmenntastefnunni er ekki fjallað sérstaklega um námsbækur eða önnur kennslugögn enda þótt sumt af því sem fram kemur í stefnunni geti einnig átt við slíkar bækur enda er hægt að nota bæði fræðibækur og skáldskap til kennslu. Með breytingum sem gerðar voru á skipan Stjórnarráðs Íslands í ársbyrjun 2022 heyra málefni bókmennta undir menningar- og viðskiptaráðuneyti en námsgögn undir mennta- og barnamálaráðuneyti, sbr. 9. og 10. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022. Mennta- og barnamálaráðherra hefur sett af stað heildarendurskoðun á fyrirkomulagi námsgagnaútgáfu. Skipaður hefur verið spretthópur til að vinna að þessu verkefni og eiga sæti í honum fjölmargir aðilar frá ýmsum hagsmunaaðilum, t.d. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hagþenki, Félagi íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT), Menntamálastofnun, Samtökum menntatæknifyrirtækja, auk fulltrúa frá Kennarasambandi Íslands, Samfés, Skólameistarafélaginu o.fl.

Menningar- og viðskiptaráðherra hefur á undanförunum misserum staðið fyrir stefnumótun í mörgum greinum lista og menningar. Nú síðast tónlistarstefnu fyrir árin 2023–2030, myndlistarstefnu til 2030, kvikmyndastefnu til 2030 og stefnu í hönnun og arkitektúr til 2030. Farið var að huga að mótun bókmenntastefnu í menningar- og viðskiptaráðuneytinu um mitt ár 2022. Þá lá fyrir að taka þyrfti lög um stuðning við útgáfu bóka á íslensku, nr. 130/2018, til skoðunar. Í 12. gr. laganna er kveðið á um að ráðherra skuli gera úttekt á árangri laganna fyrir árslok 2022. Jafnframt er í sömu grein laganna kveðið á um að lögin skuli endurskoða fyrir árslok 2023. Menningar- og viðskiptaráðuneytið samdi við Deloitte í maí 2023 um að framkvæma greiningu á árangri stuðnings við útgáfu bóka á íslensku. Niðurstöður lágu fyrir í október 2023 og voru kynntar opinberlega á málþingi ráðuneytisins, undir yfirskriftinni *Ráðstefna um stöðu bókarinnar á Íslandi*, 9. febrúar 2024.¹ Niðurstöður Deloitte verða notaðar í endurskoðun regluverks kringum bókmenntir sem er fyrsta aðgerðin í aðgerðaáætluninni.

Samráð.

Menningar- og viðskiptaráðherra fundaði með helstu hagsmunaaðilum á sviði bókmennta 3. október 2023. Fundinn sátu fulltrúar frá Miðstöð íslenskra bókmennta (MÍB), FÍBÚT, Hagþenki, og Rithöfundasambandi Íslands (RSÍ). Þar kynnti ráðherra hugmyndir að nýju verklagi við smíði bókmenntastefnu þar sem helstu hagsmunaaðilar yrðu beðnir um að senda ráðuneytinu annars vegar tillögur að því hvað bókmenntastefnan ætti að fjalla um og hins vegar tillögur að aðgerðum í aðgerðaáætlun sem fylgja skyldi stefnunni.

Helstu hagsmunaaðilum í bókmenntageiranum voru send bréf 8. nóvember 2023 með ósk um innlegg í nýja bókmenntastefnu menningar- og viðskiptaráðherra og aðgerðaáætlun sem henni skyldi fylgja. Viðtakendur voru þessir: MÍB, RSÍ, FÍBÚT, Hagþenkir – félag höfunda fræðiritra og kennslugagna, Bandalag þýðenda og túlka, IBBY á Íslandi og bókasafnaráð. Óskað var eftir því að hagsmunaaðilar kæmu á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi þau viðfangsefni sem koma fjalla þyrfti um í bókmenntastefnunni og jafnframt helstu aðgerðir sem nauðsynlegt væri að ráðast í. Svör bárust frá MÍB, RSÍ, FÍBÚT, Hagþenki og IBBY í nóvember og desember 2023. Sjónarmið þessara aðila eru reifuð hér á eftir. Í kjölfar þess voru skrifuð drög að bókmenntastefnu ásamt aðgerðaáætlun í ráðuneytinu sem send voru 5. febrúar 2024 faglegum rýnihóp um bókmenntastefnu sem samanstóð af Árna Matthíassyni, Dröfn Vilhjálmsdóttur, Hauki Ingvarssyni og Kristínu Svövu Tómasdóttur. Hópurinn var valinn þannig að í honum væru fulltrúar sem þekktu bæði til sjónarmiða lesenda og höfunda, ungmenna og barna jafnt sem fullorðinna og fagurbókmennta jafnt sem fræðibóka. Hópurinn

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettit/stok-frett/2024/02/22/Vel-heppnud-radstefna-um-stodu-bokarinnar-a-Islandi/>

rýndi skjalið og fundaði í kjölfarið með ráðuneytinu 13. febrúar. Starf rýnihópsins leiddi til nokkurra breytinga á stefnunni og aðgerðunum. Drög að þingsályktunartillögu um bókmenntastefnu og aðgerðaáætlun voru síðan birt í Samráðsgátt stjórnvalda ...

Reifun sjónarmiða sem ráðuneytið hefur aflað.

Almennt eru sjónarmið umsagnaraðila flest á þá leið að meginmarkmið bókmenntastefnu hljóti að hverfast um íslenska tungu, eflingu hennar og verndun. Þá virðist ríkja almenn ánægja með fyrirkomulag opinbers stuðnings vegna bókmennta en í öllum umsögnum eru tillögur um hvað betur megi fara, hvar skórinn kreppi að og hvar þurfi að ráðast í umbætur. Helstu sjónarmið umsagnaraðila eru reifuð hér að aftan.

Sjónarmið Félags íslenskra bókaútgefenda.

FÍBÚT leggur áherslu á að í bókmenntastefnu þurfi að huga að stuðningsumhverfinu þannig að það tryggi jafnt hag útgefenda og höfunda og stuðli að hagfelldu rekstrarumhverfi bókarinnar. Félagið bendir einnig á að brýn þörf sé á að taka útgáfu námsbóka fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla til skoðunar og leggur til að einokun ríkisins á þeirri útgáfu afnumin.

FÍBÚT telur mikilvægast í bókmenntastefnu að áframhaldandi stuðningur ríkisins vegna útgáfu bóka á íslensku sé tryggður. Vísar félagið til þess að veruleg veltuaukning hafi orðið í bókaútgáfu í kjölfar setningar laga nr. 130/2018 og þróun verðs á bókum hafi verið hagfelld miðað við almenna verðlagsþróun. Stuðningur ríkisins sé grundvöllur blómlegrar bókaútgáfu á jafn litlu markaðs- og málsvæði og Ísland er.

Þá telur félagið mjög mikilvægt að stórefla Miðstöð íslenskra bókmennta og nefnir í því sambandi verkefni eins og landsátak í lestri, söfnun og úrvinnslu tölfraðigagna er varða bókaútgáfu, bóksölu og bóklestur, kynningarstarf erlendis og styrkja til þýðinga bæði á og af íslensku.

FÍBÚT bendir á að mikilvægt sé að útgefendur öðlist rétt til greiðslna úr bókasafnasjóði höfunda og að útgefendur séu skilgreindir sem réthafar gagnvart Hljóðbókasafni Íslands.

Félagið bendir á að brýnt sé að taka á innkaupastefnu almennings- og skólabókasafna og marka stefnu sem tryggi söfnunum fjármagn til að sinna skyldum sínum gagnvart notendum. Félagið nefnir til sögunnar námsgagnasjóð eða mögulegan skólabókasafnasjóð sem tæki til þess. Þessi bókasöfn séu rekin á vegum sveitarfélaga og jafnframt væri hægt að beita jöfnunarsjóði sveitarfélaga í þessu skyni.

Í þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2023–2026 sem lögð var fram á yfirstandandi löggjafarþingi er sérstök aðgerð, *11. Öflug skólasöfn*, sem fjallar um það að efla skólasöfn með hliðsjón af markmiðum laga um grunnskóla og laga um framhaldsskóla. Aðgerðin er á ábyrgð mennta- og barnamálaráðuneytis.

Sjónarmið Hagþenkis.

Í álit Hagþenkis kemur fram sú skoðun að aldrei hafi verið mikilvægara en nú að móta sérstaka bókmenntastefnu og nefnir í því sambandi stöðu íslenskunnar í samfélaginu, minnkandi bóklestur og verra læsi, íslenskukunnáttu innflytjenda, versnandi kjör rithöfunda og innkomu streymisveitna á afþreyingarmarkaðinn. Þá hafi landslag fjölmiðla tekið stakkaskiptum, samfélagsmiðlar hafi mikil áhrif á daglegt líf og tómstundir og tilkoma öflugrar gervigreindar sem hafa mun veruleg áhrif þróun samfélagsins og menningarinnar á komandi árum.

Vakin er athygli á því að skýrsla starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra um bókmenningarstefnu frá 2017 hafi að geyma ýmislegt gagnlegt efni sem ástæða væri til að halda á loft í nýrri bókmenntastefnu.

Að mati Hagþenkis hlýtur íslenskan að verða miðdepill bókmenntastefnu og viðleitni til að vernda hana og efla að vera rauði þráðurinn í henni. Þá sé mikilvægt að skýrt komi fram í stefnunni hvað átt sé við með hugtakinu bókmenntir. Fjallað er um þessa athugasemd fremst í greinargerðinni þar sem hugtakið eins og það er notað í bókmenntastefnunni er skilgreint.

Hagþenkir hvetur til þess að horft sé út fyrir landsteina við mótun bókmenntastefnu og bendir á Noreg og Danmörku í því sambandi. Í Noregi tóku gildi í ársbyrjun 2024 nú bókalög sem hafa það að meginmarkmiði að tryggja gæði og fjölbreytni í norskum bókmenntum og tryggja gott aðgengi að bókum, þau eigi að tryggja jafnt hagsmuni lesenda og höfunda og styrkja grundvöllinn undir tunguna. Án vafa verður tekið mið af þessu, jafnt í bókmenntastefnu sem og í undirbúningi að fyrirhugaðri endurskoðun þeirra laga sem fjalla um bókmenntir á Íslandi.

Hagþenkir bendir á að bóksala hafi dregist saman og telur að blikur séu á lofti varðandi kjör þeirra sem starfa við að skrifa bækur. Hljóðbókaveitur séu í einokunarstöðu og greiðslur til höfunda smánarlegar. Hagþenkir bendir nauðsyn þess að tryggja að höfundar fái sanngjarna þóknun fyrir efni sem birt er og notað í skólum og öðrum opinberum stofnunum og að hækka þurfi samningsbundnar greiðslur frá Fjölís vegna þess. Ábending er jafnframt um nauðsyn þess að endurskoða höfundalög og lög um námsgögn vegna þessa.

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna eru að mati Hagþenkis langmikilvægasti sjóðurinn sem styrkir höfunda fræðirit. Bent er á að sjóðurinn sé ekki á fjárlögum, ólíkt t.d. listamannalaunum, hann sé verulega vanfjármagnaður og hafi ekki notið aukins stuðnings eins og aðrir sjóðir þegar kórónuveirufaraldurinn geisaði hér á landi. Hagþenkir bendir einnig á nauðsyn þess að styrkja stöðu þróunarsjóðs námsgagna og bókasafnssjóðs. Félagið rifjar einnig upp tillögur úr skýrslu um bókmenningarstefnu frá 2017 um skólabókasafnssjóð og lestraruppeldissjóð.

Að síðustu lýsir Hagþenkir yfir áhyggjum af annars vegar námsefnisútgáfu, sem óljóst er hvar sé stödd í ljósi þessu að til standi að leggja niður Menntamálastofnun, og hins vegar gervigreind og hvetur til þess að hugað sé að þessu í bókmenntastefnu.

Sjónarmið IBBY á Íslandi (IBBY).

IBBY bendir á að barna- og ungmennabókahöfundar fái sjaldan greitt úr launasjóði listamanna og eigi erfitt með að lifa af þeim störfum sínum. Höfundar heltist fljótt úr lestinni og leiti á önnur mið til að afla lífsviðurværis. Sögupersónur og bókaflakkar sem lofa góðu eiga því á hættu að hverfa snögglega af sviðinu. Þá séu barna- og unglingsbækur eftir íslenska höfunda sjaldan þýddar á erlend mál og því er íslenskur örmarkaður eina uppspretta tekna fyrir höfundana.

IBBY leggur áherslu á að koma þurfi upp raunverulegu styrktarkerfi fyrir höfunda barna- og ungmennabóka. Nauðsynlegt sé að veita þessum höfundum beina styrki.

Þá nefnir IBBY gildi þess að fá barna- og ungmennahöfunda í auknum mæli inn í grunnskóla til að kenna ritlist og rittjáningu. Það gæti bæði verið höfundum tekjuauki og eflt færni nemenda til að skrifa á íslensku.

Bækur eftir íslenska höfunda geta ekki svalað allri lestrarþörf íslenskra barna að mati IBBY og því þurfi jafnframt að huga að því að þýða erlendar bækur á íslensku sem höfða til þeirra, hvort sem það eru afþreyingarbækur eða bækur um fræði og vísindi. Eyrnamerkja þurfi styrki til þýðinga börnum og ungmennum sérstaklega.

Að mati IBBY þarf enn fremur að huga að stöðu myndhöfunda í útgáfu bóka, enda séu þeir ómissandi hluti af bókmenntum fyrir börn og ungmenni. Einnig er bent á að staða skólabókasafna er mjög misjöfn yfir landið. Mörg séu fjársvelt og hafi í allt of litlum mæli efni á því að kaupa nýjar bækur. Þá sé ekki alltaf fastur starfsmaður á skólabókasöfnum. Aðgangur að bókum sem jafnréttismál fyrir börn og ungmenni.

Um fjöllun um bækur sem ætlaðar eru börnum og ungmennum sé af skornum skammti og stuðla þurfi að því að meira sé fjallað um þær á vettvangi barnanna sjálfra. Börn og ungmenni eigi kost á að kynna og kynna sér bækur allan ársins hring en ekki bara á ákveðnum árstíma eins og kringum jólabókaflóðið. Þá þurfi dreifing og útgáfa bóka að vera jafnari yfir árið.

Sjónarmið Miðstöðvar íslenskra bókmennta (MÍB).

Að mati MÍB er í bókmenntastefnu ekki þörf að ráðast í neinar grundvallarbreytingar en þó blasi við ýmsar áskoranir við bókmenntunum sem þarf að bregðast við. Sú stærsta er minnkandi lestur meðal þjóðarinnar sem séu augljós merki um þá hættu sem steðjar að íslenskunni. Þótt lestur hafi minnkað hafi hlustun aukist en sjálfbærni höfunda og útgefenda þar sé lítil og leiði til brostins tekjugrunns undir bókmenntunum.

Stjórn MÍB leggur áherslu á þrjár megináðgerðir í því skyni að snúa vörn í sókn fyrir hönd bókmenntanna: auka þurfi fjárveitingar til MÍB svo hún geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu sem er að efla bókaútgáfu og bókmenningu innanlands og auka útbreiðslu íslenskra bókmennta erlendis; stungið er upp á því að MÍB fari í samstarf við Hagstofuna um vinnslu gagna um bókmenntalandslagið á reglulega birtingu þeirra opinberlega; að síðust er lagt til að farið verði í lestrarátak til lengri tíma sem nái til sem flestra lesenda, bæði barna, fullorðinna og þeirra sem eru að læra íslensku sem annað mál.

Sjónarmið Rithöfundasambands Íslands (RSÍ).

Stjórn RSÍ leggur mesta áherslu á kjör höfunda í sjónarmiðum sínum og tiltekur að það sé forsenda bókmenningar og framgangs íslenskrar tungu að á landinu sé til stétt atvinnuhöfunda. Því sé nauðsynlegt að umhverfi starfslauna tryggi starfsöryggi höfunda og einnig nýliðun í stéttinni. Einnig er bent á mikilvægi þýðinga og sterkari Miðstöðvar íslenskra bókmennta og að hagsmunum handritshöfunda, leikskálda og myndhöfunda sé einnig sinnt.

Sambandið bendir á að bókmenntastefna verði að taka mið af allri virðisdeðju bókmennta, allt frá hugmynd höfundar og alla leið í hendur lesenda. Þá verði að skoða stöðu bókasafna sérstaklega, hið opinbera styðji við bæði höfunda og útgefendur en almenningsbókasöfn og skólasöfn séu oft illa stödd og ekki það jöfnunartæki sem þau ættu að vera. Þá sé ástæða til að skoða stöðu leikskólabókasafna þar sem mikilvægt sé að huga að bókum strax á máltökuskeiði barna.

Einnig þurfi að huga að þeim hluta virðisdeðjunnar sem annist dreifingu eða sölu bóka. Fákeppni á smásölumarkaði bóka sé áhyggjuefni og ekki síður hitt að stór hluti bóksölu fari fram á stuttum tíma árs í kringum jól í verslunum sem annars selja almennt ekki bækur og að bækur séu jafnvel seldar undir kostnaðarverði. RSÍ leggur til að komið verði á föstu bókaverði þannig að óheimilt sé að selja bækur með afslætti nema að ákveðnum tíma liðnum frá útgáfu.

RSÍ gerir stöðu Storytel á markaði að umtalfefni, ekki síst að samningsstaða bæði höfunda og útgefenda sé mjög slæm þar sem viðkomandi er nær einráður á markaði. Bent er á að enda þótt velta á bókamarkaði hafi aukist þá fái höfundar sífellt minna í sinn hlut. Greiðslur séu ógagnsæjar og engin leið fyrir höfunda að átta sig á fyrirkomulagi greiðslnanna. Sambandið leggur til að bókalög að norskri fyrirmynd verði sett á Íslandi og að lögfest verði ákvæði um að óheimilt sé að birta nýjar bækur í streymisveitum fyrr en að liðnum ákveðnum tíma frá útgáfu þeirra.

Rithöfundasambandið bendir einnig á nauðsyn þess að upplýsingum um bókmenntir sé safnað og þær greindar. Skortur sé á yfirsýn um greinina í heild og um kjör höfunda og þýðenda.